

1887

Fimmtudaginn 28. október 1993.

Nr. 346/1990. **Ríkisútvarpið**

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

gegn

Orkubúi Vestfjarða

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

og gagnsök.

Orkusala. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason og Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. september 1990. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og aðalstefnda gert að greiða sér 1.033.462,57 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr., vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. október 1988 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1990. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér greiddur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málavextir eru raktir í héraðsdómi.

Endurvarpsstöð aðaláfrýjanda á Botnsheiði er utan þeirra byggða í sveit og í þéttbýli, sem almennt dreifikerfi gagnáfrýjanda nær til.

Ekki reyndi á þá uppsögn orkusölusamnings aðila, sem tilkynnt var af hálfu gagnáfrýjanda, og þarf því ekki að taka afstöðu til réttmætis hennar. Óumdeilt er, að aukin þörf fyrir orkuflutning á orkuveitusvæði gagnáfrýjanda gerði það að verkum, að leggja varð nýjar línur frá dreifiveitu hans í Breiðdal að endurvarpsstöðinni. Þegar þessar breyttu forsendur fyrir sölu orku til aðaláfrýjanda eru virtar, þykir mega fallast á niðurstöðu héraðsdóms með vísun til forsendna hans að öðru leyti en hér greinir.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ríkisútvarpið, greiði gagnáfrýjanda, Orku-búi Vestfjarða, 120.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 16. júlí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum aðalflutningi 29. júní 1990, höfðaði Ríkisútvarpið, kt. 540269-5729, Efstaleti 1, Reykjavík, gegn Orku-búi Vestfjarða, kt. 660877-0299, Stakkanesi 1 á Ísafirði, með stefnu, út gefinni 9. október 1989 og birtri fyrir stjórnarformanni stefnda 11. október sama ár. Málið var þingfest 26. október 1989.

I.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmt til að greiða stefnanda 1.033.462,57 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru þær, að það verði að fullu sýknað af kröfum stefnanda og því dæmdur málskostnaður [...].

II.

Tildrög mála eru þau, að stefnandi er með endurvarpsstöð vegna sjónvarps á Botnsheiði í Ísafjarðarsýslu. Sér Póst- og símamálastofnun um reksturinn fyrir stefnanda, en stefnandi endurgreiðir Póst- og símamálastofnun allan kostnað við reksturinn.

Á árinu 1971 var lagt rafmagn að endurvarpsstöðinni. Var það gert með því að leggja heimplaug til endurvarpsstöðvarinnar frá 33 kv. flutningslínu, sem lá milli Breiðadals og Ísafjarðar.

Með bréfi 10. júní 1987 sagði stefnda Pósti og síma upp rafmagnssölu til sjónvarpsstöðvarinnar á Botnsheiði og tilkynnti, að orkusölu yrði hætt frá og með 1. janúar 1988. Var sú ástæða færð fram, að til stæði að breyta 33 kv. línu frá Breiðadal til Ísafjarðar, sem taugin til endurvarpsstöðvarinnar var tengd í, í 66 kv. línu. Yrði næsti tengistaður endurvarpsstöðvarinnar eftir þessa breytingu við dreifiveitu í Breiðadal, og kvaðst stefnda ekki hafa í hyggju að leggja línu á sinn kostnað vegna orkusölu til endurvarpsstöðvarinnar. Þess var getið, að af sömu ástæðu hefði rafmagnssölu til stöðvar Flugmálastjórnar á Þverfjalli verið sagt upp sama dag.

Póst- og símamálastofnun og stefnandi mótmæltu því, að þeim yrði gert að bera kostnað af breytingum, sem fyrirhugaðar væru af hálfu stefnda og stöfuðu af breytingum stefnda á eigin raforkukerfi.

Í bréfi Kristjáns Haraldssonar orkubússtjóra til Pósts og síma 26. ágúst 1988 kemur fram, að í framhaldi af þessum uppsögnum hafi verið haldinn fundur á skrifstofu flugmálastjóra, þar sem m. a. hafi mætt fulltrúar stefnanda og Pósts og síma. Niðurstaða þessa fundar hafi orðið sú, að þessar stöðvar mættu ekki verða rafmagnslausar, og myndi stefnda því leggja að þeim nýjar línur og láta síðan á það reyna, hvernig gengi að innheimta kostnað vegna þeirra. Stefnda lagði svo nýja línu frá Þverfjalli niður á Botnsheiði og tengdi í gömlu heimtaugina að endurvarpsstöðinni. Jafnframt var settur upp nýr spennir. Hinn 3. febrúar 1988 gerði stefnda Póst- og símamálastofnun reikning vegna þessa, að fjárhæð 1.033.462,57 kr. Póst- og símamálastofnun hafnaði þessum reikningi, þar sem stofnunin hefði ekki beðið um þessa framkvæmd fyrir hönd stefnanda.

Hinn 26. ágúst 1988 tilkynnti stefnda skriflega, að hefði umræddur reikningur ekki verið greiddur eða um hann samið fyrir 20. september 1988, kæmist stefnda ekki lengur hjá því að framfylgja uppsögn rafmagnssölu, sem tilkynnt hefði verið í bréfi 10. júní 1987. Þessu bréfi var síðan fylgt eftir með tilkynningum um, að lokað yrði fyrir rafmagn til endurvarpsstöðvarinnar, yrði hinn umræddi reikningur ekki greiddur.

Póst- og símamálastofnun og stefnandi mótmæltu þessum ráðagerðum með bréfi 3. október 1988 og töldu stefnda hvorki eiga efnislegan rétt til að krefjast greiðslu af þeim vegna kostnaðar við breytingar á línu og spennistöð við endurvarpsstöðina né hafa lokunarheimild, þótt krafan teldist vera fyrir hendi. Töldu þessir aðilar eðlilegast, að stefnda sækti mál sitt fyrir dómstólum. Stefnda áréttaði fyrri afstöðu sína með bréfi til Póst- og símamálastofnunar sama dag. Póst- og símamálastofnun og stefnandi ítrekuðu með bréfi 5. október 1988 þá skoðun sína, að stefnda gæti ekki sagt upp rafmagnssölu til endurvarpsstöðvarinnar á Botnsheiði vegna spennuhækkunar á aðalorkuflutningslínu, og bentu á, að stefnda hefði nú þegar byrjað rafmagnssölu til endurvarpsstöðvarinnar eftir nýrri línu með 66 kv. spennu. Þessir sömu aðilar tilkynntu stefnda skriflega 7. október 1988, að Póst- og símamálastofnun teldi sér skylt að afstýra lokun, og hefði stofnunin því ákveðið að greiða reikninginn. Jafnframt var tekið fram, að greiðsla þessi væri innt af hendi með fyrirvara og Póst- og símamálastofnun áskildi sér allan rétt til þess að endurkrefja stefnda um þessa fjárhæð ásamt vöxtum og kostnaði. Stefnda tók við greiðslu, að fjárhæð 1.033.462,57 kr., 10. október 1988.

III.

Stefnandi segir kröfu sína reista á því, að stefnda eigi sjálft að bera kostnað af breytingum á heimtaug og spennistöð vegna umræddrar endurvarpsstöðvar á Botnsheiði, sem þurft hafi að gera, þegar stefnda breytti

háspennulínu milli Breiðadals og Ísafjarðar úr 33 kv. línu í 66 kv. línu. Orkukaupandi hafi þegar greitt stofnkostnað vegna heimtaugar að endurvarpsstöðinni. Vísar stefnandi í því sambandi til 1. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 192/1978 fyrir Orkubú Vestfjarða, þar sem segi m. a., að orkubúið annist viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytinga á húsi. Stefnda hafi þröngvað Póst- og símamálastofnun f. h. stefnanda með hótunum um lokun á rafmagni til að greiða kostnað vegna þessara breytinga á eigin raforkukerfi stefnda, og sé krafist endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Stefnda bendir á, að flutningslínur raforku milli þéttbýlisstaða yfir heiðar og hálendi milli Ísafjarðar og Breiðadals hafi verið 33 kv., þegar stefnandi hafi óskað eftir því að fá rafmagn úr henni í endurvarpsstöð sína á Botnsheiði á árinu 1971. Á þeim tíma hafi Rafmagnsveitur ríkisins séð um orku-dreifingu á þessu svæði. Umsókn Póst- og símamálastjórnar um heimtaug sé dagsett 17. september 1970, og hafi skilmálar fyrir raforkukaupum þessum á þeim tíma verið samkvæmt ákvæðum í reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins nr. 112/1968 auk sérákvæða í skilmálum fyrir samþykki umsóknarinnar sjálfrar. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 66/1976 um Orkubú Vestfjarða hafi Rafmagnsveitur ríkisins, ríkissjóður og orkuveitur sveitarfélaga á Vestfjörðum lagt Orkubúi Vestfjarða til eignar sem stofnframlag öll mannvirki sín á Vestfjörðum. Hafi orkubúið átt að taka samkvæmt sérstöku samkomulagi við skuldum vegna þeirra mannvirkja, sem það hafi tekið við. Samkvæmt 6. gr. sömu laga hafi iðnaðarráðherra veitt Orkubúi Vestfjarða einkaleyfi til þeirrar starfsemi, sem felist í tilgangi fyrirtækisins. Í framhaldi af setningu laganna og á grundvelli þeirra hafi síðan verið sett reglugerð fyrir Orkubú Vestfjarða, reglugerð nr. 192/1978. Á þessum grundvelli hafi Orkubú Vestfjarða síðan selt stefnanda raforku. Þegar ákvörðun hafi verið tekin um það að auka flutningsgetu háspennulínunnar milli Breiðadals og Ísafjarðar, hækka spennu hennar úr 33 kv. í 66 kv., hafi talist ófært að veikja rekstraröryggi línunnar með spennistöðvarúttaki fyrir endurvarpsstöðina á Botnsheiði. Muni ekki vera ágreiningur um þá niðurstöðu frá tæknilegu sjónarmiði, enda sé það viðurkennd staðreynd, að tenging notendaspennistöðvar inn á aðalorkuflutningslínur uppi á heiðum rýri rekstraröryggi þeirra og geti kostað umtalsverðar tafir á orkuafhengingu frá viðkomandi flutningslínu. Í framhaldi af þessari breytingu og samfara henni hafi núverandi orkuflutningslína, spennistöð og heimtaug verið lögð til endurvarpsstöðvarinnar á Botnsheiði, en það sé kostnaður við þá framkvæmd, sem mál þetta snúist um. Muni ekki vera ágreiningur um það, að útfærsla hennar hafi verið framkvæmd á þann hátt, að þar hafi verið valin tæknilega öruggasta leiðin og jafnframt hin kostnaðarminnsta. Ekki muni

ágreiningur um það, að fjárhæð sú, sem um sé deilt í máli þessu, varði eingöngu beinan bókfærðan kostnað verksins. Stefnda bendir á, að hliðstætt álitaefni hafi komið upp hjá Rafmagnsveitum ríkisins, og af því tilefni hafi afstaða stefnda í þessu máli verið kynnt rafmagnsveitustjóra, og hafi hann lýst sig algjörlega samþykkan þeirri afstöðu.

Stefnda segir, að það sé grunnregla í rekstri orkusölufyrirtækja hér á landi, að kostnaði við rekstur þeirra og orkusölu þar með sé deilt niður á notendur, svo að sem mestur jöfnuður verði milli þeirra. Þannig skuli stefnt að því, að komi til verulegur aukakostnaður vegna einhvers einstaks notanda, falli sá kostnaður á hann sjálfan, svo sem kostur sé. Þessa sjái víða stað í hinum ráðherrastaðfestu söluskilmálum. Þessarar grunnreglu væri ekki gætt, ef hinum sérstaka aukakostnaði vegna stefnanda væri dreift á aðra viðskiptamenn stefnda í umræddu tilviki.

Pegar stefnandi hafi sótt um heimtaug þá, sem lögð hafi verið árið 1971 til endurvarpsstöðvarinnar á Botnsheiði, hafi honum verið fullkunnugt um það, að verið væri að gera algjöra undantekningu frá þeirri aðalreglu að leggja ekki heimtaugar frá 33 kv. flutningslínunum, sem lagðar séu milli þéttbýliskjarna. Honum hafi verið fullkunnugt um það sem tæknifróðum aðila, að veruleg áhætta fylgdi þessu fyrirkomulagi fyrir orkudreifingu á svæðinu, enda þótt reynt hafi verið að draga úr þeirri áhættu, svo sem kostur hafi verið. Þegar stofnað hafi verið til orkukaupa þessara, hafi stefnda skuldbundið sig til að hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem Rafmagnsveitur ríkisins setji rafmagnsnotendum sínum, auk söluskilmála samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitna ríkisins nr. 112/1968, þ. á m. 4. mgr. 12. gr., en þar segi: „Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða og rafmagnsveiturnar þurfi til þess að fullnægja henni sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennustöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á lágsþennukerfi, er rafmagnsveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma og/eða þátttöku í kostnaði.“ Hliðstætt ákvæði sé að finna í 3. mgr. 18. gr. reglugerðar fyrir Orkubú Vestfjarða nr. 192/1978. Sú greiðsla, sem stefnandi hafi innt af hendi í heimtaugargjald árið 1971, hafi aðeins verið greiðsla fyrir aðgang að veitukerfi stefnda, svo sem það hafi verið á þeim tíma. Þegar stefnandi hafi algjörlega hafnað greiðslu hluta hins sérstaka viðbótarkostnaðar vegna óumflýjanlegra breytinga á veitukerfinu, hafi uppsögn orkukaupasamningsins verið sjálfgefín.

Við uppsögn orkukaupasamningsins, sem í gildi hefði verið um átján ára skeið, verði að líta svo á, að sá orkukaupasamningur hafi fallið niður. Forsenda þess, að nýr samningur stofnaðist milli aðila um orkukaup, hafi einmitt verið sú, að stefnandi greiddi reikning þann, sem hann endurkrefji stefnda nú um. Svo sem áður sé vikið að, nemi sú fjárhæð aðeins hluta kostnaðar við tengingu endurvarpsstöðvarinnar á Botnsheiði við orkuveitu-

kerfi stefnda, kostnaðar, sem fellur undir hugtakið heimtaugargjald í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða, og byggist sú gjaldtaka á viðeigandi ákvæðum reglugerðar og gjaldskrár um það efni. Krafa stefnda sé reist á grundvelli þessara lagaákvæða og samningsákvæða, sem séu í raun skilmálar fyrir orkukaupum frá stefnda, ef til vill per analogiam.

Þá segir stefnda, að ekki verði á þær málsástæður stefnanda fallist, að heimtaugargjald það, sem hann hafi greitt á árunum 1970-1971, hafi veitt honum ævarandi rétt til aðgangs að veitukerfi stefnda án þátttöku í viðbótarkostnaði vegna breyttra aðstæðna. Því hafi það verið fullkomlega réttlætjanlegt af hálfu stefnda að segja orkukaupasamningnum upp, svo sem gert hafi verið með bréfi frá 10. júní 1987.

Stefnda getur þess, að aðrar opinberar stofnanir hafi fallist á þessa málsútlitun stefnda, t. d. Flugmálastjórn, sem samið hafi við stefnda um greiðslu kostnaðar í þessu sambandi, eins og fram komi á dskj. nr. 18. Það skuli svo sérstaklega áréttað, að Rafmagnsveitur ríkisins hafi ekki fallist á þá kröfu, sem um sé rætt á bls. 2 í dskj. nr. 4.

Að endingu áréttar stefnda sérstaklega, að breyting sú, sem óumflýjanlega hafi þurft að gera vegna breytingar á margumræddri flutningslínu, falli ekki undir hugtakið viðhald í skilningi 1. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 192/1978 um Orkubú Vestfjarða.

IV.

Við aðalflutning málsins gaf framkvæmdastjóri stefnda, Kristján Haraldsson orkubússtjóri, skýrslu fyrir dómi. Sagði hann, að orkuflutningslína frá Breiðadal hefði verið lögð til Ísafjarðar á árunum 1950-1960. Hún hefði verið rekin sem 30 kv. flutningslína og dugað vel sem slík. Á árunum 1970-1971 hefði verið leyfð tenging inn á línuna á Botnsheiði vegna endurvarpsstöðvar sjónvarpsins þar. Slíkar tengingar inn á orkuflutningslínur væru slæmar og drægju úr rekstraröryggi. Í þessari tengingu hefði hins vegar verið fölginn verulegur sparnaður á sínum tíma, og teldi hann, að vegna hennar hefði sjónvarpsendurvarpsstöð verið reist þarna fyrr en ella hefði orðið. Hann sagði, að þegar auka hefði þurft orkuflutning milli þessara svæða, hefði verið gripið til þess ráðs að hækka spennu á línunni. Þá hefði ekki verið unnt að hafa slík notendaúrtök úr orkuflutningslínunni, og því hefði samningnum við Póst- og símamálastofnun verið sagt upp. Ástæður þessa væru þær, að spennan hefði nú verið orðin helmingi hærri en áður hefði verið, líkur á truflunum meiri, línan mikilvægari fyrir byggðina en áður og úrtak dýrara. Hann kvað sér ekki vera kunnugt um, að slík notendaúrtök væru annars staðar á landinu úr línunum með 66 kv. spennu eða hærri. Þá kvað hann verðjöfnun á raforku vera í raun alls staðar í gangi og verði væri jafnað út innan einstakra taxta. Um afbrigðilega

notendur eins og endurvarpsstöðina á Botnsheiði mætti segja það, að þeir fengju að kaupa orkuna á sömu töxtum. Það væri hins vegar dýrara að koma orkunni til þeirra, og einmitt á þeim grundvelli væri þeim gert að greiða stofnkostnað við að koma línulögn til þeirra. Taxtar væru mismunandi eftir eðli notkunar fremur en eftir eðli starfseminnar. Þannig væru í gildi m. a. almennur taxti, taxti til stærri notenda og húshitunartaxti. Orkusala til atvinnurekstrar væri ekki verðlögð með mismunandi hætti, þó væri sérstakur taxti í sveitum, sbr. gjaldskrá nr. 522/1987, og engir sér-samningar væru til á orkuveitusvæði stefnda, þótt heimildir væru til slíks samkvæmt gjaldskrá og reglugerð. Loks sagði orkubússtjóri, að með samningi á dómskjali nr. 18 hefði Flugmálastjórn gengið að sams konar kröfum stefnda og stefnda hefði beint að stefnanda. Hann sagði, að stefnda hefði talið sig hafa haft heimild til að loka fyrir orkuflutning til stefnanda, þar sem samningi þeirra í milli hefði verið sagt upp og stefnandi hefði ekki greitt stefnda tilskilin gjöld.

V.

Mál þetta er höfðað til endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar, sem greidd var 7. október 1988. Svo sem fyrr greinir, rekur Póst- og símamálastofnun umrædda endurvarpsstöð á Botnsheiði fyrir stefnanda. Hún kom fram gagnvart stefnda og greiddi þann reikning, sem endurgreiðslu er krafist á í máli þessu. Með bréfi 16. október 1989 framseldi Póst- og símamálastofnun stefnanda kröfu sína á hendur stefnda.

VI.

Síðla árs 1970 sótti Póst- og símamálastofnun til Rafmagnsveitna ríkisins um lagningu heimtaugar að endurvarpsstöð sjónvarps á Botnsheiði. Þeirri ósk var mætt þannig, að heimiluð var tenging inn á 33 kv. orkuflutningslínu frá Breiðadal í Önundarfirði yfir til Ísafjarðar. Mun ekki vera um deilt, sem stefndi hefur haldið fram, að slíkar tengingar við orkuflutningslínur dragi úr rekstraröryggi þeirra og séu því ekki góður kostur. Verður að ætla, að Póst- og símamálastofnun vegna stefnanda hafi mátt gera ráð fyrir því, að hér væri um tímabundna ráðstöfun að ræða, en ekki frambúðarlausn.

Til þess verður ekki síst að líta, að hér var um sérstætt tilvik að ræða, þar sem raforka vegna þarfa Ríkisútvarpsins var tekin út úr orkuveitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins með afbrigðilegum hætti á óvenjulegum stað. Þegar stefnda, Orkubú Vestfjarða, sem tekið hafði við réttindum og skyldum Rafmagnsveitna ríkisins á Vestfjörðum samkvæmt lögum nr. 66/1976, þurfti að auka orkuflutning á þessu svæði á níunda áratugnum vegna vaxandi byggðar, virðist hafa þurft að gera þær breytingar á raforkukerfinu, m. a. með helmingsaukningu spennu á aðalflutningslínunni, að ekki hafi

lengur verið unnt að ætla Póst- og símamálastofnun vegna Ríkisútvarpsins úrtak úr henni, eins og áður hafði verið. Þær ástæður voru til þess að sögn framkvæmdastjóra stefnda, sem bríður hafa ekki verið bornar á, að líkur á truflunum voru þá meiri, línan varð mikilvægari fyrir byggðina í heild og úrtak dýrara. Nýjar línur þurfti því að leggja frá dreifiveitu stefnda í Breiðadal að endurvarpsstöðinni á Botnsheiði.

Við þessar nýju aðstæður, verður að telja, að forsendur hafi verið svo breyttar, að uppsögn orkusölusamnings hafi verið eðlileg og heimil af hálfu stefnda. Þá ber að hafa í huga, sem áður sagði, að Póst- og símamálastofnun vegna stefnanda hafi mátt gera ráð fyrir því í upphafi, að tenging við orkuflutningslínuna með þeim hætti, sem þá varð, hafi ekki verið endanleg lausn með sömu formerkjum og venjuleg heimtaugarlagning. Verður því ekki á það fallist, að þær framkvæmdir, sem hér um ræðir og mál þetta er sprottið af, hafi verið viðhald eða endurnýjun heimtaugar í skilningi 18. gr. reglugerðar fyrir Orkubú Vestfjarða nr. 192/1978, sbr. 12. gr. reglugerðar fyrir Rafmagnsveitur ríkisins nr. 112/1968. Rétt þykir því, að stefnandi, Ríkisútvarpið, beri sjálfur þann stofnkostnað, sem hlotist hefur af þeim framkvæmdum, sem nauðsynlegar hafa þótt til þess að tryggja eðlilega afhendingu raforku til þarfa endurvarpsstöðvar sjónvarps á Botnsheiði. Slík niðurstaða er í samræmi við grunnreglur löggjafar og stjórnvaldsreglna um orkumál um kostnaðarskiptingu seljenda og kaupenda raforku.

Samkvæmt þessu skal stefnda sýknað af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Pétur Kr. Hafstein bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Orkubú Vestfjarða, er sýknað af kröfum stefnanda, Ríkisútvarpsins.

Málskostnaður fellur niður.